



Borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Breyting á fulltrúa menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs í hússtjórn Leikfélags Reykjavíkur

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 22. ágúst 2022 var eftirfarandi tillaga samþykkt.

Lagt er til að staðfest verði að Skúli Helgason taki sæti Hjálmars Sveinssonar í hússtjórn Borgarleikhússins sem formaður. Samkvæmt tilnefningum frá menningar- og ferðamálasviði og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar er lagt til að Huld Ingimarsdóttir, starfandi sviðsstjóri hjá MOF og Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri SEA sitji áfram í hússtjórn. Auk fulltrúa Reykjavíkurborgar sitja í hússtjórn leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur og formaður stjórnar Leikfélags Reykjavíkur.

Í samræmi við 4. grein samnings Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur um rekstur Borgarleikhússins skal borgarráð, eftir borgarstjórnarkosningar, skipa þrjá fulltrúa í hússtjórn Borgarleikhússins.

Skal einn fulltrúi tilnefndur af menningar- og ferðamálasviði (MOF), einn fulltrúi tilnefndur af skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA) og einn fulltrúi skal vera formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs (MÍT). Formaður hússtjórnar skal vera kjörinn fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
Huld Ingimarsdóttir
starfandi/sviðsstjóri
menningar- og ferðamálasvið

Hjálagt:

Samningur um rekstur Borgarleikhússins undirritaður 5. september 2018

Viðauki við samning um rekstur Borgarleikhússins undirritaður 14. janúar 2022

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269- 7609 og Leikfélag Reykjavíkur ses., Borgarleikhúsinu, Listabraut 3, 103 Reykjavík kt. 420269-6849 gera með sér svofelldan

SAMNING UM REKSTUR BORGARLEIKHÚSSINS

1. grein

Markmið og tilgangur

Leikfélag Reykjavíkur (hér eftir nefnt LR) var stofnað og hóf starfsemi sína í Íðnó árið 1897 og hafði þar aðsetur allt til ársins 1989, er það flutti í Borgarleikhúsið. Tilgangur félagsins skv. 1. gr. laga þess er að vekja áhuga á góðri leiklist og sýna sjónleiki í Reykjavík. Markmið Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur með byggingu og rekstri Borgarleikhússins var skv. stofnskrá 1975 að í húsinu verði sköpuð eins fullkomin aðstaða og kostur er til alhliða sjónleikjahalds og það starfrækt fyrir leiksýningar og aðra leiklistarstarfsemi.

Markmið Reykjavíkurborgar með stuðningi við rekstur Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi er að:

- í Reykjavík sé rekið fjölbreytt og metnaðarfullt leikhús þar sem sköpuð er og sýnd leiklist í hæsta gæðaflokki
- að Borgarleikhúsið sé lifandi vettvangur nýsköpunar og kynningar á íslenskri leiklist þar sem erlendri klassík og samtímaleiklist eru einnig gerð góð skil
- að tryggja samfellu og framþróun í öflugum leiklistarstarfi
- að listuppeldi barna og ungmenna sé sinnt sérstaklega
- að starfsemi í Borgarleikhúsinu höfði til borgarbúa og að þeim sé gert kleift að njóta fjölbreyttra sviðslista

2. grein

Framlag Leikfélags Reykjavíkur

LR skal gangast fyrir öflugri og samfelldri menningarstarfsemi allt árið í Borgarleikhúsinu á eigin vegum, í samstarfi við aðra eða með öðrum þeim hætti sem samræmist 1. gr. og tryggir góða nýtingu á húsinu.

LR skal leggja áherslu á að sinna barnamenningu s.s. listuppeldi barna og ungmenna og skal vinna árlega fræðsluáætlun þar að lútandi í samráði við Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar.

LR skal setja upp á eigin vegum fimm nýjar leiksýningar á ári hverju hið minnsta og tryggja a.m.k. tveimur öðrum leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsi til æfinga og sýninga með samningum þar um og til samræmis við verklagsreglur samþykktar af hússtjórn er um getur í 4. gr. Hússtjórn er heimilt að samþykkja frávík frá ramma þessum.

LR skal stefna að góðri samvinnu við Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar og stofnanir þess.

Allur rekstur Borgarleikhússins annar en sá sem Reykjavíkurborg annast samkvæmt samningi þessum og samningi LR við Eignasjóð skal vera í höndum og greiðast af LR.

Á öllu kynningarefni LR jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir LR merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

3. grein

Framlag Reykjavíkurborgar

Framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélags Reykjavíkur vegna Borgarleikhússins er tvíþætt; annars vegar rekstrarframlag til menningarstarfsemi, sbr. 2. gr. og hins vegar styrkur vegna innri leigu vegna nýtingar fasteignar og búnaðar sem ákvarðast af Reykjavíkurborg. Reglulegt framlag Reykjavíkurborgar til starfsemi og rekstrar í Borgarleikhúsinu árið 2017 nam kr. 1.035.987.761 sem skiptist með eftirfarandi hætti:

3.1 Rekstrarframlag

Á samningstímanum veitir Reykjavíkurborg LR árlegt framlag til rekstrar og starfsemi félagsins samkvæmt fjárhagsáætlun borgarsjóðs hverju sinni. Rekstrarframlag árið 2017 nam kr. 625.662.898. Rekstrarframlag skal greiðast með 12 jöfnum greiðslum fyrsta virka dag hvers mánaðar. Rekstrarframlag skal verðbættast ársfjórðungslega. Verðbætur eru bundnar við vísitölu neysluverðs og vísitölu launa í hlutföllunum 50% neysluvísitala og 50% launavísitala. Framangreindar verðbætur reiknast ofan á höfuðstól hvers framlags og greiðast ársfjórðungslega og miðast við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Greiðsla verðbóta á hverju tímabili fyrir sig á sér stað um leið og vísitölur hvers tímabils liggja fyrir. Grunnur vísitölu miðast við 1. janúar 2019.

Rekstrarframlag það, sem tilgreint er í samningi þessum, er með fyrirvara um samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni. Verði um frávík frá samningi að ræða ber Menningar- og ferðamálasviði að tilkynna LR um það eigi síðar en sex mánuðum áður en breytingar taka gildi og taka þá aðilar upp viðræður um mögulega aðlögun LR að breyttri fjárveitingu.

3.2 Styrkur vegna innri leigu

Eignasjóður Reykjavíkurborgar gerir sérstakan samning við LR um afnot félagsins af húseign og búnaði Borgarleikhússins. Hann miðast við að samstarfssamningur sé í gildi milli LR og Menningar- og ferðamálasviðs, sem jafnframt veitir félaginu styrk vegna húsa- og áhaldaleigu. Húsa og áhaldaleiga Reykjavíkurborgar fyrir Borgarleikhúsið fyrir árið 2017 nam samtals kr. 410.324.863. Þar af var innri leiga kr. 342.834.230 og áhaldaleiga kr. 67.490.633..

Eignasjóður mun gera reikning á LR þar sem fram kemur heildarfjárhæð leigu og frádráttur vegna styrks Menningar- og ferðamálasviðs sem bókfærast sem leigustyrkur til LR. Húsa- og áhaldaleigan getur tekið breytingum ef reglur Reykjavíkurborgar um útreikning innri leigu breytast eða ef nýjar fjárfestingar í húsnæði eða búnaði verða á tímabilinu. Á gildistíma



samnings þessa mun húsaleigustyrkur Menningar- og ferðamálasviðs ætíð nema sömu fjárhæð og Eignasjóður innheimtir vegna afnota LR af Borgarleikhúsi.

Samningur um nýtingu húss er fylgiskjal með samningi þessum. Eignalisti miðað við úttekt Eignasjóðs skal vera uppfærður á hverju ári og skal liggja fyrir í árslok hverju sinni. Þar kemur fram líftími búnaðar, verðmat og hvað er eign borgar og hvað er eign LR sem og gátlisti um endurnýjun stofnkostnaðar og viðhald, þar sem hlutur hvors aðila um sig er skilgreindur. Hússtjórn vinnur fjárfestingaráætlun um endurnýjun búnaðar og samþykkir uppfærðan eigna og búnaðarlista.

4. grein

Hússtjórn Borgarleikhúss

Hússtjórn Borgarleikhúss hefur eftirlit með rekstri LR í Borgarleikhúsi, viðhaldi hússins og endurnýjun búnaðar.

Hússtjórn Borgarleikhúss er skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn og er endurnýjuð eftir hverjar borgarstjórnarkosningar. Borgarráð skipar þrjá fulltrúa, þ.e. formann menningar- og ferðamálaráðs, fulltrúa Menningar- og ferðamálasviðs og fulltrúa Eignasjóðs. Leikhússtjóri LR og formaður LR eru fulltrúar félagsins í stjórn. Framkvæmdastjóri LR hefur rétt til setu á fundum hússtjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar tilnefna varamenn sína.

Formaður hússtjórnar skal vera kjörinn fulltrúi Reykjavíkurborgar, en stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum. Stjórnarformaður boðar til fundar er þurfa þykir, en stjórnin skal hittast að lágmarki ársfjórðungslega. Þá getur stjórnin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni.

Hússtjórn Borgarleikhúss skal í samráði við Eignasjóð vinna áætlun um viðhaldsverkefni hússins í samræmi við gildandi verklag og reglur Reykjavíkurborgar þar um.

Hússtjórn skal jafnframt í samráði við Eignasjóð vinna áætlun um eignabreytingar og áætlaðar breytingar á leigugreiðslum vegna þeirra og skila til menningar- og ferðamálaráðs.

Stjórn LR skal senda hússtjórn árlega fjárhagsáætlun sína og tengda starfsáætlun um starfsemi í Borgarleikhúsinu á komandi leikári. Í starfsáætlun skal greina nákvæmlega ætlað umfang starfs LR í Borgarleikhúsinu, fyrirhugað samstarf við aðra leikhópa sem og ætlað umfang allrar annarrar starfsemi í húsinu. Starfsáætlun um verkefni skv. 2. gr. skal kynnt hússtjórn fyrir 1. júlí ár hvert og taka til næsta leikárs sem er frá 1. ágúst til 31. júlí. Eftir kynningu starfsáætlunar í hússtjórn skulu starfs- og fjárhagsáætlanir LR kynntar menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar.

Stjórnendur kynna hússtjórn ársfjórðungslega rekstraryfirlit og framgang starfsáætlunar ársins. Þá skal LR kynna hússtjórn gjaldskrá við upphaf hvers leikárs og jafnan þegar á henni verða breytingar. Leggja skal fram áritaðan ársreikning LR sem staðfestur er af löggiltum endurskoðanda. Hússtjórn Borgarleikhúss setur verklagsreglur um val á þeim leikflokkum sem fá afnot af húsnæði í Borgarleikhúsi, sbr. 2. gr.

Telji hússtjórn misbrest á framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar eða óviðunandi óvissu um rekstur og starfsemi í Borgarleikhúsinu ber henni að tilkynna menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar tafarlaust um það.

5. grein

Ábyrgð og skyldur

LR ber ábyrgð á starfsemi félagsins í Borgarleikhúsinu og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. LR ber ábyrgð á skuldbindingum sem það, eða aðilar á þess vegum, stofna til í tengslum við samning þennan. LR er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila eða setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. grein

Vanefndir og meðferð ágreinings

Vanefni annar hvor samningsaðila skyldur sínar samkvæmt samningi þessum skulu aðilar leitast við að jafna ágreininginn en takist það ekki og teljist vanefndirnar verulegar getur hvor aðili sagt samkomulaginu upp með tólf mánaða uppsagnarfrest talið frá áramótum þess árs sem samningum er sagt upp. Uppsögn skal vera skrifleg.

7. grein


Gildistími

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021 með heimild til framlengingar einu sinni til þriggja ára. Hússtjórn skal á árinu 2021, gera tillögur til samningsaðila að framlengingu gildandi samnings til þriggja ára eða gerð nýs samnings sem taki gildi þ. 1. janúar 2022. Tillögur hússtjórnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi þann 30. júní árið 2021 og skal afstaða beggja samningsaðila liggja fyrir eigi síðar en 1. september sama ár. Möguleg framlenging hans árið 2021 til þriggja ára er háð samþykki borgarráðs Reykjavíkur og stjórnar LR.

Samning þennan skal leggja fyrir borgarráð Reykjavíkurborgar til samþykktar og er undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar.


Reykjavík, 5. september 2018

F.h. Reykjavíkurborgar




Borgarstjórinn í Reykjavík

F.h. Leikfélags Reykjavíkur



formaður stjórnar

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:



Tunga Þorgerðsdóttir
Kristín Ógmundsdóttir

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík og Leikfélag Reykjavíkur ses., kt. 420269-6849, Borgarleikhúsinu, Listabraut 3, 103 Reykjavík gera með sér svofelldan

Viðauka

við samning um rekstur Borgarleikhússins

Formáli

Reykjavíkurborg og Leikfélag Reykjavíkur gerðu með sér samning sem undirritaður var þann 5. september 2018 með gildistíma til 31. desember 2021. Samkvæmt 7. gr. samningsins er heimilt að framlengja gildandi samningi í eitt skipti til þriggja ára eða að gerður verði nýr samningur sem taki gildi þann 1. janúar 2022. Hafa samningsaðilar komist að samkomulagi um að þrátt fyrir 7. gr. verði gerður viðauki við gildandi samning sem taka muni breytingum í skrefum til næstu þriggja ára. Er viðauki þessi háður samþykki borgarráðs og Leikfélags Reykjavíkur um einstök samningsatriði.

Í ljósi efnahagslegrar stöðu og afleiðinga í kjölfar kórónuveirufaraldursins, innan lands og á heimsvísu, hefur Reykjavíkurborg gert kröfu um hagræðingu hjá stofnunum borgarinnar á meðan komist verður í gegnum þær fjárhagslegu þrengingar sem hafa reynst þungar fyrir rekstur borgarinnar. Forsendur fjárhagsáætlunar taka mið af því að gerð er krafa um allt að 1% hagræðingu launakostnaðar eftir að tekið hefur verið tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana og engar verðbætur eru á annan rekstrarkostnað utan samningsbundinna skuldbindinga. Breytingar sbr. 3. grein í viðauka þessum taka mið af því að styrktarsamningar við þriðja aðila taki sambærilegri hagræðinu og stofnanir borgarinnar.

1. gr.

Gildisvið

Ákvæði gildandi samnings, dags. 5. september 2018, heldur gildi sínu í öllum atriðum að öðru leyti en því sem fram kemur í viðauka þessum. Heimild 7. gr. gildandi samnings verður nýtt til framlengingar samningsins til næstu þriggja ára en þó með þeim afbrigðum sem tilgreind eru í viðauka þessum.

2. gr.

Samningsákvæði til 31. desember 2022

Gildandi samningur mun halda gildi sínu óbreyttur frá undirritun þessa viðauka til 31. desember 2022. Að þeim tíma liðnum mun samningurinn taka breytingum til samræmis við 3. gr. þessa viðauka.

3. gr.

Samningsákvæði frá 1. janúar 2023

Þann 1. janúar 2023 mun samningurinn breytast með eftirfarandi hætti:

Framlag Reykjavíkurborgar

Fyrir árin 2023 og 2024 skal rekstrarframlag greiðast með 24 jöfnum greiðslum. Af helmingi (50%) af rekstrarframlagi eins og það stendur m.v. áramótin 2022/2023 skal reiknast launavísitala og reiknast hún ofan á höfuðstól hvers framlags og skal greiðast ársfjórðungslega og miðast við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Greiða skal launavísitölubætur á hverju tímabili fyrir sig um leið og launavísitalan liggur fyrir. Engar verðbætur reiknast á það sem eftir stendur af rekstrarframlagi eða 50% framlags.

Rekstrarframlag það, sem tilgreint er í samningi þessum, er með fyrirvara um samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni. Verði um frávík frá samningi að ræða ber Menningar- og ferðamálasviði að tilkynna Leikfélagi Reykjavíkur um það eigi síðar en sex mánuðum áður en breytingar taka gildi og taka þá aðilar upp viðræður um mögulega aðlögun Leikfélags Reykjavíkur að breyttri fjárveitingu.

Styrkur vegna leigu helst óbreyttur út samningstímans, eða til 31. desember 2024 og er verðbættur í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um meðhöndlun innri leigu fasteigna borgarinnar.

4. gr.


Gildistími

Gildistími viðauka þessa er til 31. desember 2024 og fellur sjálfkrafa niður án tilkynningar, nema um annað hafi verið samið á milli aðila.

Viðauka þennan skal leggja fyrir borgarráð Reykjavíkurborgar til samþykktar og er undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Til staðfestingar viðaukans rita aðilar nöfn sín í votta viðurvist.

Reykjavík 14. janúar 2022.


f.h. Reykjavíkurborgar
f.h. Leikfélags Reykjavíkur

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


Nafn og kennitala
Nafn og kennitala